

Námsáætlun skólaárið 2016-2017

Námsgrein: Heimilisfræði

Bekkur: 1. og 2

Áfangalýsing				
Lýsing frá kennara. Nemendur fá 4 kennslustundir á viku í fimm vikur að meðaltali. Í hverjum hóp verða 10 – 12 börn.				
Tímabil	Markmið Matur og lífshættir	Viðfangsefni	Lýsing	Námsefni
	Við lok 4. bekkjar geta nemendur: tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti, valið hollan mat, farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif,	Látin þvo borð og þvo upp þau áhöld sem þau hafa verið að nota. Skera niður grænmeti og útbúa grænmetisbakka, baka vöflur, búa til gerdeig og hnoða það og búa til stafinn sinn og einnig bollur úr deiginu, þau baka muffins, smákökur og elda hafragraut, einnig æfa þau sig í að mæla með dl-máli og mæliskeiðum. Þau smyrja brauð með álegi og mæla ávaxtasafa og vatn í drykk. Þau búa til ávaxta og osta pinna.	Eru látin þvo hendur. Kennt að skola borðklút og vinda hann og hvernig best er að þvo borð. Búa til þurrgersdeig og læra hvernig það er hnoðað. Þau skera grænmeti með beittum hnífum og kennt að fara með þá á ábyrgan hátt. Þau eru látin nota eldavél og læra að varast heitar hellur.	Gott og gaman
Námsmat				
Símat. (Nemendur eru metnir eftir hvern tíma)				
Heimanám				
Ekkert				
Kennari, netfang				
Anna Sigrún Rafnsdóttir annas@akmennt.is				

Námsgrein: Spil

Bekkur: 1. og 2.

Áfangalýsing

Nemendur fá 4 kennslustundir á viku í fimm vikur að meðaltali. Nemendur kynnst ýmsum spilum þar sem notaður er spilastokkur. Þeir læri að spila saman og taka tapi og sigrum.

Tímabil	Markmið	Viðfangsefni	Lýsing	Námsefni
	Að nemendur: -læri ýmis spil -þekki gildi spilanna -geti unnið saman	Langavitleysa Ólsen Ólsen Veiðimaður Svarti Pétur 10 vinir Þjófur Upprifjun á spilunum sem við erum búin að læra	Skoða spilastokkinn. Fara yfir hvað spilin heita. Hvaða spil er hærra? Hvað spilin eru mörg. Er í lagi að svindla, geta allir unnið?	Spilastokkar og ýmis spil.

Námsmat

Hópurinn fer í helming tímans í einni smiðju og kemur svo aftur 7 vikum síðar og fer í hinn helminginn. Nemendur eru metnir eftir hverja smiðju. Metin er samvinna, samskipti, virkni, vandvirkni og sjálfstæði.

Heimanám

Ekkert

Kennari, netfang

Fjóla

Námsgrein: Tölvur
2.

Bekkur: 1. og

Áfangalýsing				
Nemendur fá 2 kennslustundir á viku í tveimur 5 vikna lotum, samtals u.þ.b. 18-20 kennslustundir. Áhersla er lögð á að gera nemendur sjálfbjarga við að opna og loka tölvunni sem og forritum. Nemendur læra fingrasetningu í gegnum forritið <i>Fingrafimi</i> . Á lyklaborðinu munu þeir læra að nota bilstöng, ctrl-A, ctrl-C, ctrl-V og enter. Nemendur læra að leita að einföldum upplýsingum á netinu, afrita (mynd) og líma í skjal. Nemendur læra að gera myndir í forritinu <i>Málun</i> . Unnið verður með kennsluforrit í íslensku og stærðfræði.				
Tímabil	Markmið	Viðfangsefni	Lýsing	Námsefni
	<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -geti sjálfir skráð sig inn í tölvuna og út úr henni að vinnu lokinni -læri helstu skipanir á lyklaborðinu -læri og noti rétta fingrasetningu -þjálfist í að afla sér upplýsinga um ákveðin viðfangsefni og geti prentað út texta -geti teiknað mynd í forritinu <i>Málun</i> -geti unnið með texta í Word -nýti hina ýmsu kennsluvefi til að efla þekkingu, leikni og kunnáttu í íslensku og stærðfræði 	<ul style="list-style-type: none"> Lyklaborðið Innskráning í tölvu Fingrasetning Kennsluforrit Veraldarvefurinn 	<ul style="list-style-type: none"> -nemendur vinna eftir fyrirmælum kennara -kennsluforrit -paravinna -einstaklingsvinna 	<ul style="list-style-type: none"> Forritið <i>Málun</i> Kennsluforrit á nams.is Stærðfræðivefurinn Multi Veraldarvefurinn
Námsmat				
Símat. Umsögn er gefin þar sem metin er m.a. vinnusemi, sjálfstæði og frumkvæði. Skráð í verkefnabók í lok lotu.				
Heimanám				
Ekkert				
Kennari, netfang				
Torfhildur Stefánsdóttir tobba@akmennt.is				

Áfangalýsi				
Lýsing frá kennara. Nemendur fá 4 kennslustundir á viku í fimm vikur að meðaltali. Í hverjum hóp verða 10 – 12 börn.				
Tímabil	Markmið	Viðfangsefni	Lýsing	Námsefni
	Við lok 4. bekkjar getur nemandi: <ul style="list-style-type: none"> • þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun, • greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng • hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama, • tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi og virt samskiptareglur, 	Söngur Hreyfisöngvar: Karl gekk, Fyrst á réttunni, Höfuð, herðar..., Það búa litlir dvergjar, Ein ég sit og sauma, Einn fíll, Inn og út um gluggann o.fl. Dans Hlustun Slökun	Nemendur læra ýmsa söngva og fá að kynnast hljóðfærum og búa til sína eigin tónlist.	
Námsmat				
Símat. (Nemendur eru metnir eftir hvern tíma)				
Heimanám				

Ekkert
Kennari, netfang
Rannveig Heimisdóttir

Námsgrein: Smíðar

Bekkur: 1. og 2.

Áfangalýsi				
<p>Nemendur fá 4 kennslustundir á viku í fimm vikur að meðaltali. Í hverjum hóp verða 10 – 12 börn. Áhersla er lögð á sköpunargleði, meðhöndlun verkfæra og fjölbreytt vinnubrögð. Leitast er eftir að nemendur séu sjálfstæðir í vinnubrögðum, sýni frumkvæði og að þeir tileinki sér vandvirkni. Nemendur þurfa að ganga vel um námsgögn og verkfæri og ganga frá á vinnusvæðum. Mikilvægt er að þeir sýni umburðarlyndi og tillitssemi.</p>				
Tímabil	Markmið	Viðfangsefni	Lýsing	Námsefni
	<p>Markmiðið er að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit • sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með • valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt <p>Nemandinn lærir að pússa, negla, líma og mála trékubba.</p>	<p>Nemendur hanna og smíða bát og annan hlut að eigin vali til dæmis húsdýr.</p>	<p>Nemendur skoða báta á netinu og teikna síðan sinn bát og eru þeir hvattir til að nota sköpunargleðina í hönnuninni. Þeir hjálpast að í sögunarvinnunni. Þeir skapa sitt eigið dýr (eða eitthvað annað), smíða og mála.</p> <p>Nemendur hjálpast að við sögun og þjálfast þar í samvinnu.</p>	
Námsmat				

Umsögn um hvern og einn verður sett inn í verkefnabók í lok smiðja. Þar verður metin virkni og sköpun, sjálfstæði, vandvirkni, samvinna og samskipti.

Heimanám

Ekkert

Kennari, netfang

Elfa Björk Jóhannsdóttir elfa@akmennt.is

Námsgrein: Textílmennt

Bekkur: 1. og 2.

Áfangalýsing

Lýsing frá kennara. Nemendur fá 4 kennslustundir á viku í fimm vikur að meðaltali. Í hverjum hóp verða 10 – 12 börn.

Tímabil	Markmið	Viðfangsefni	Lýsing	Námsefni
	<ul style="list-style-type: none">• Að efla fínhyfifærni nemenda.• Að efla samhæfingu augna og handa.• að nemendur geti beitt/notað áhöld svo sem skæri, nál,vefspjöld.• Að efla sköpunargleði.• Að nemandi geti unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.	<ul style="list-style-type: none">• Þræðingarverkefni Ormur/slanga• vefur, auga guðs.• Útsaumur í pappír,• lyklakippa úr filtefni.• dúskur.	Nemendur þræða perlur og filtþúta upp á bómullargarn. Enda á að klippa slönguhaus og tungu út úr filtefni og sauma saman haus, fylla. Nemendur vefa garn utan um tvær krosslagðar trjágreinar. Nemendur teikna einfalda mynd, gata og þræða með nál. Nemendur klippa út dýr úr filtefni, sauma saman og fylla. Festa í það	

			lyklahring. Nemendur vefa dúsk um pappaspjald.	
Námsmat				
Umsögn um hvern og einn verður sett inn í verkefnabók í lok smiðja. Þar verður metin virkni og sköpun, sjálfstæði, vandvirkni, samvinna og samskipti.				
Heimanám				
Ekkert				
Kennari, netfang				
Margrét Bergmann Tómasdóttir margretberg@akmennt.is				

Námsgrein: Lífsleikni/félagsfærni

Bekkur: 1. og 2.

Áfangalýsi
<i>Lýsing frá kennara.</i> Nemendur fá 4 kennslustundir á viku í fimm vikur að meðaltali. Í hverjum hóp verða 10 – 12 börn.

Mismunandi áherslur eftir getu hvers hóps. Leiðir: Umræða, leikræn tjáning og önnur verkefni.				
Tímabil	Markmið Matur og lífshættir	Viðfangsefni	Lýsing	Námsefni
	<p>Æfa grunnþætti í samskiptum, að hlusta, að taka tillit til hvors annars, að þekkja tilfinningar og geta tjáð sig um þær og auka virkni og þátttöku.</p> <p>Að nemendur læri slökunaræfingar í lok tímans.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Æfa sig að hlusta, vinnum með kuðunga. - Hvernig líður mér í skólanum – notum tilfinningatöflu. - Áhyggjur- vinnum með tómata og fræ. <p><i>Bók:</i> Aladdín og töfrateppið og aðrar ævintýrahugleiðslur fyrir börn Marneta Viegas Þýð.: Árný Ingvarsdóttir</p>	<p>Samvinnuverkefni þar sem unnið er með framkomu, tilfinningar og slökun. Nemendur vinna að þessum þáttum í gegnum leikræna tjáningu og í verkefnum þar sem notaðir eru skemmtilegir hlutir með það að markmiði að nemendur nái að yfirfæra námsefnið í daglegt starf.</p>	<p>Aladdín og töfrateppið og aðrar ævintýrahugleiðslur fyrir börn Marneta Viegas Þýð.: Árný Ingvarsdóttir</p> <p>Þættir úr kennsluefni Zippý</p>
Námsmat				
Símat. (Nemendur eru metnir eftir hvern tíma)				
Heimanám				
Ekkert				
Kennari, netfang				

Námsgrein: Myndmennt

Bekkur: 1. og 2.

Áfangalýsing				
Nemendur fá 4 kennslustundir á viku í fimm vikur að meðaltali. Í hverjum hóp verða 10 – 12 börn.				
Tímabil	Markmið	Viðfangsefni	Lýsing	Námsefni
	<p>Markmiðið er að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum, • tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt, • unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, 	<ul style="list-style-type: none"> • Tjaldferðin – unnið út frá kveikju - pappírsbrot og teiknun/litun • Vatnslitamálun – samvinna /hugmyndaheimur 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur skapa fjölbreytileg myndverk út frá sínum reynsluheimi. Nota mism. Efnivið og liti s.s. þekjuliti, vatnsliti, 	<ul style="list-style-type: none"> • Fjölbreytt myndefni af netinu, úr bókum, í nærumhverfi nemenda, kennslustofan, útigarðar og umhverfi skólans.

	<ul style="list-style-type: none"> • þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni, • fjallað um eigin verk og annarra, • greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka, • greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans, 	<ul style="list-style-type: none"> • Handarfar – þrykk og litun/litablöndun með þurrkrít • Árstíðatré – málun/fingramálun • Andlit - Svipbrigði og tilfinningar. • Leirmótun – fjölbreyttar stöður mannlíkamans, nemendur „skissa“ í plastleir og æfa sig þannig að gera mannsmynd sem síðan er útfærð í jarðleir sem brenndur og þau fá styttna með heim. • Samræður um myndmál, unnið m.a út frá kennslustofu, merking fyrir neyðarop, SMT-reglur, merkingar á salernum osfrv. Rætt um eigin verk og annarra. 	<p>tréliti, þurrkrít, olíukrít, plastmálningu (akrýl) túss, blek og leir (bæði plastleir og jarðleir).</p>	
Námsmat				
Símat. Umsögn er gefin þar sem metin eru lykilhæfniþættir s.s. sjálfstæði og samvinna,vandvikni og sköpun. Skráð í verkefnabók í lok lotu.				
Heimanám				
Nemendur hvattir til að skoða umhverfi sitt.				

Kennari, netfang

sigrunbirna@akmennt.is